

Upplýsingar til foreldra/forráðamanna.

Skráning iðkenda og greiðsla æfingagjalda

Ganga þarf frá skráningu og greiðslu æfingagjalda á <https://stjarnan.felog.is/>.

Æfingagjöld skulu greidd í upphafi hvers tímabils. Hægt er að skipta greiðslum hvort sem er greitt með kreditkorti eða greiðsluseðli. Ef greitt er með greiðsluseðli bætist við seðilgjald 390,- kr. sem er þóknun Greiðslumiðlunar. Ganga þarf frá greiðslu æfingagjalda ekki seinna en mánuði eftir að önn byrjar. Ef ekki hefur verið gengið frá greiðslu æfingagjalda fyrir ofangreindar dagsetningar, verða æfingagjöld sett á einn greiðsluseðil. Allar breytingar og kostnaður við breytingar eftir útgáfu greiðsluseðla fellur á forráðamenn. Ekki er í boði að skipta greiðslum milli foreldra/forráðamanna.

Greiðsla æfingagjalda er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum. Æfingagjöldin eru helsta rekstrarforsaenda barna- og unglिंगastarfs UMF Stjórnunnar en þar af er launakostnaður þjálfara stærsti kostnaðarliðurinn.

Nori

Allir iðkendur verða að vera skráðir í gegnum skráningarkerfið Nora. Æfingagjald er greitt í gegnum það kerfi og má nálgast það á www.stjarnan.felog.is. Forráðamenn þurfa að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum til að geta notað frístundastyrk. Frístundastyrkurinn reiknast strax til lækkunar á æfingagjaldinu. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka á nafni Greiðslumiðlunar sem hefur umsjón með innheimtu æfingagjalda. Kortagreiðslur eru í samráð við Greiðslumiðlun og Borgun.

Í skráningarferlinu koma allar nauðsynlegar upplýsingar fram, verð á námskeiði sem og skipting og val um fjölda greiðslna. Ef forráðamenn lenda í erfiðleikum með greiðslur í Nora bendum við þeim á að hafa samband við skrifstofu UMF Stjórnunnar á netfangið stjarnan@stjarnan.is.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að yfirfara upplýsingar um gsm og netföng sín í Nora svo hægt sé að tryggja öruggt upplýsingaflæði. Vinsamlegast komið nauðsynlegum upplýsingum sem þjálfari þarf að vita um iðkenda til þjálfara. Einnig er hægt að koma upplýsingum til yfirþjálfara viðkomandi deildar.

Afsláttur

Ekki eru veittir afsláttir nema ef um áreksstur er að ræða milli deilda hjá UMF Stjórnunni. Ef iðkandi slasast og þarf að hætta íþróttaiðkun ber forráðamanni að senda tölvupóst á stjarnan@stjarnan.is. Skila þarf inn læknisvottorði til að fá endurgreiðslu.

Mótus

Öll æfingagjöld sem ekki eru greidd á eindaga fara í innheimtu hjá Mótus, þetta gerist sjálfkrafa í skráningarkerfinu Nora.

Tryggingar

Vakin er athygli á því að iðkendur eru ekki sér tryggðir við æfingar eða keppni á vegum UMF Stjörnnunnar. Við bendum forráðamönnum á að kanna heimilstryggingar sínar því í flestum tilfellum eru iðkendur tryggðir innan hennar.

Sportabler

Sportabler er aðal samskiptamiðill forráðamanna, iðkenda og þjálfara. Upplýsingar þurfa að berast um skráningu iðkanda í Nora á netfangið stjarnan@stjarnan.is þar sem handfæra þarf iðkanda inn í Sportabler. Ef forráðamaður hefur verið með Sportabler áður þá birtist iðkandi að nýju við skráning frá skrifstofu.

Ef forráðamaður hefur ekki skráð sig inn á Sportabler áður þá þarf viðkomandi að skrá sig inn á <https://www.sportabler.com/signup> með kóða sem skrifstofa sendir á viðkomandi eftir að staðfesting berst um skráningu í Nora. Forráðamaður sækir svo Sportabler appið í símann sinn og tengir sig við sinn iðkanda.

Opnunar tími skrifstofu

Skrifstofa UMF Stjörnnunnar er opin frá kl. 13-16 alla virka daga.

Innheimtufulltrúi er Ingunn Aradóttir. Hægt er að hafa samband í netfang stjarnan@stjarnan.is og/eða í síma 565-1940.

Reglur varðandi æfingagjöld.

Gjalddagi æfingagjalda er 15. september fyrir heilt tímabil/haustönn, 15. janúar fyrir vorönn og 15. júní fyrir sumartíma knattspyrnudeildar.

Greiðsla æfingagjalda er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum. Æfingagjöld eru helsta rekstrarforsenda barna- og unglíngastarfs UMF Stjörnunnar en þar af er launakostnaður þjálfara stærsti kostnaðarliðurinn. Hagstæðast og þægilegast er að skrá iðkendur allt árið. Ef greitt er fyrir ársgjald fær viðkomandi 10 % hagstæðara verð heldur en ef greitt væri fyrir stök tímabil.

Greiðsla æfingargjalda

Greiðsla æfingagjalda fer fram í gegnum skráningarkerfið Nora, <https://stjarnan.felog.is/>.

Ef forráðamaður vill breyta greiðslumáta eftir á leggst á aukakostnaður að andvirði 1.500 kr.

Inni í skráningarkerfi Nora eru þrjú möguleikar í boði við greiðslu æfingagjalda:

- a) Kreditkort: Ef valið er að greiða með kreditkort er hægt að dreifa greiðslum á þann fjölda tímabila sem gefin er upp í valmynd.
- b) Greiðsluseðill: Ef greiðsluseðill er valinn þá kemur í heimabanka viðkomandi greiðsluseðill um hver mánaðamót í samræmi við þann fjölda greiðslna sem valið er. Hafa ber í huga að seðilgjald 390,- kr. sem er þóknun Greiðslumiðlunar, á hér við.
- c) Debetkort: Hægt er að skrá greiðslu á debetkort ef debetkortið er af nýrri gerðinni og 4 x 4 stafa númer er prentað á framhliðina. Þá er gengið frá greiðslu líkt og um skráningu á kreditkort sé að ræða.

Hafi æfingagjöld ekki verið greidd innan tveggja vikna frá gjalddaga og barnið verið við æfingar mun innheimta æfingagjalda fara fram í gengum heimabanka forráðamanna. Sendur er einn greiðsluseðill á forráðamann og í slíkum tilfellum er ekki gefinn kostur á frístundastyrk. Allur kostnaður vegna innheimtu fellur á forráðmann iðkandans.

Vilji greiðandi koma athugasemdum á framfæri um æfingagjöld, t.d. véfengja upphæð gjaldanna eða tilvist, þá ber honum að senda fyrirspurn á stjarnan@stjarnan.is eða hafa samband við skrifstofu á auglýstum skrifstofutíma. Vinsamlegast ekki ganga frá greiðslum fyrr en búið er að leysa úr ágreinings/vafamálum.

Félagið hvetur foreldra/forráðamenn eindregið til að kynna sér reglur sveitarfélaga um hvatapeninga/frístundastyrk. Hægt er að nýta styrkinn strax við skráningu og því er best að ljúka skráningu fyrr en síðar. Fjárhæð styrksins er mismunandi milli sveitarfélaga. Ekki er heimilt að endurgreiða forráðamanni/iðkenda það sem greitt hefur verið með hvatapening/frístundastyrk.

Endurgreiðsla æfingargjalda

Sé iðkandi skráður allt árið en hætti síðan að æfa, fást æfingagjöld endurgreidd hlutfallslega (1/3 eða 2/3) af fullu árgjaldi. Greiða þarf æfingagjöld út yfirstandandi önn.

Dæmi: Iðkandi er skráður allt árið en hættir að æfa í október. Viðkomandi þarf þá að greiða til áramóta en fær niðurfelld æfingagjöld eftir það.

Sé iðkandi skráður niður á þrískipt tímabil (þrjár annir) verða æfingagjöld vegna yfirstandandi annar ekki endurgreidd.

Hefji iðkandi æfingar á miðju námskeiði greiðir hann æfingagjöld hlutfallslega frá fyrstu æfingu þar með talinn þrjú próf. Kjósi iðkandi að færa sig á milli deilda hjá félaginu innan tímabils verða æfingagjöld ekki færð á milli nema um heilt tímabil sé að ræða. Stutt námskeið og mótagjöld eru ekki endurgreidd.

Kjósi iðkandi að hætta æfingum innan tímabils anna eru æfingagjöld ekki endurgreidd nema ef um alvarleg veikindi/meiðsl eða búferlaflutninga er að ræða og þarf viðkomandi að senda vottorð því til staðfestingar á stjarnan@stjarnan.is.

Kjósi iðkandi að hætta æfingum verður úrsögn að berast með tölvupósti á netfangið stjarnan@stjarnan.is. Það er á ábyrgð forráðamanna að tilkynna úrsögn; ATH að tilkynning til þjálfara iðkandans eða skilaboð á Sportabler er ekki tekin gild.

Greiðsla æfingagjalda er forsenda/skilyrði fyrir þátttöku á æfingum hjá UMF Stjörnunni og þeim mótum sem iðkendur fara á fyrir hönd félagsins. Þjálfarar skrá mætingar á hverja æfingu. Iðkendur með ógreidd æfingagjöld fá ekki að keppa fyrir hönd UMF Stjörunnar.

Séu eldri æfingagjöld ógreidd er óheimilt að skrá iðkanda á nýtt tímabil nema vanskil séu gerð upp eða hafa samið um uppgjör eldri skuldar. Heimilt er útiloka iðkanda frá æfingum og keppni séu eldri æfingagjöld í vanskilum.

Mikilvægt er að hafa samband við skrifstofu innheimtufulltrúa netfangið stjarnan@stjarnan.is ef um fjárhagserfiðleika er að ræða og finna úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans.

Stutt samantekt á reglum varðandi endurgreiðslu æfingagjalda:

- Sé iðkandi skráður allt árið en hættir síðan að æfa, fást æfingagjöld endurgreidd hlutfallslega (1/3 eða 2/3) af fullu árgjaldi. Greiða þarf æfingagjöld út yfirstandandi önn.
- Sé iðkandi skráður á annir verða æfingagjöld vegna yfirstandandi annar ekki endurgreidd.
- Hefji iðkandi æfingar á miðju námskeiði greiðir hann æfingagjöld hlutfallslega frá fyrstu æfingu.
- Stutt námskeið og mótagjöld eru ekki endurgreidd.
- Hvatapeningur/Frístundastyrkur er ekki endurgreiddur.

Afsláttur á æfingagjöldum barna- og unglingadeilda Stjörunnar.

UMF Stjarnan veitir aðeins afslátt á æfingagjöldum þegar um skörun á æfingatíma milli deilda er að ræða. Ekki er veittur afsláttur ef um skörun við tómsundastarf á vegum annarra íþróttafélaga eða tómsunda er að ræða. Sú afstaða skýrist á því að félagið þarf ávallt að standa undir þeim grunnkostnaði sem er við hvern flokk hvort sem iðkendur velji sér að nýta þjónustuna að fullu eður ei. Ef hins vegar um árekstur innan félagsins er að ræða sem ekki er hægt að leysa telur félagið sig skuldbundið til þess að mæta þeim óþægindum.

Enginn systkinaafsláttur er veittur þar sem það er afstaða stjórnar félagsins að allir eigi að greiða sama verð fyrir sömu þjónustu. Þegar veittur er systkinaafsláttur færist kostnaðurinn af einum kaupanda af þjónustu yfir á annan þar sem grunnkostnaðurinn við starfsemiina er ávallt hin sami, þar sem ekki er um arðbæra þjónustu að ræða heldur starfsemi sem einungis á að standa undir kostnaði.

Afsláttur sem veittur er vegna skörunar milli deilda, er eftirfarandi:

- 1) **Fimleikadeild** 10% per önn.
- 2) **Sunddeild** 10% per önn.
- 3) **Körfuboltadeild** 20% heilt tímabil, ef keypt er stök önn þá 10% per önn.
- 4) **Handboltadeild** 20% heilt tímabil, ef keypt er stök önn þá 10% per önn.
- 5) **Knattspyrnadeild** 20% heilt tímabil, hér er þriggja anna kerfi og þá er veittur 10% af stakri haustönn, 10% af stakri vorönn, en ekki er veittur afsláttur af sumarönn.

Fimleikadeild og sunddeild eru einungis með haust og vorannir og því er ekki í boði að greiða heilt tímabil. Þetta er gert til samræmis við það kerfi sem sérsambönd þessara íþróttu eru með en flokkar geta breyst um áramót í þessum deildum.

Körfuboltadeild og handboltadeild eru með heilt tímabil sem miðast við keppnistímabil deildanna frá sérsamböndunum en bjóða líka upp á haust og vor tímabil.

Knattspyrnadeild er með eins árs tímabil sem miðast við keppnistímabil KSÍ en býður einnig upp á haust, vor og sumar tímabil.

Vakin er athygli á því að afsláttur er einungis veittur ef æfingar innan deilda félagsins skarast. Forráðamaður þarf þá að tilgreina hjá hvorri deildinni iðkandinn hyggst sleppa æfingum hjá vegna skörunar og er afslátturinn veittur af æfingagjöldum þeirrar deildar.

Skilmálar við skráningu og greiðslu iðkendagjalda, námskeiða og fl.

Takk fyrir viðskiptin.

Með því að haka við að samþykkja skilmála er verið að fallast á að UMF Stjarnan hafi rétt til að meðhöndla þær upplýsingar sem gefnar eru upp sem og að nýta ljósmyndir og/eða myndbönd af iðkendum sem tekið eru á æfingu/leik/móti sem getur verið birt á vefsíðu félagsins, samfélagsmiðlum sem og á öðrum opinberum vettvangi.

UMF Stjarnan er ábyrgðaraðili vinnslunnar og mun fylgja gildandi lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð ljósmyndanna og/ eða myndbanda. Heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er og skal það gert skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu sem heimiluð er á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar annað eða til þriðja aðila, án leyfis og eru þær varðveittar sem trúnaðarmál.

Reglur okkar um myndatöku, myndbandsupptökur og birtingu myndefnis

1. Við munum ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um börn sem birtast í myndefni hjá okkur nema þegar um sérstakar ástæður er að ræða, eins og þegar barn hefur unnið til sérstakra verðlauna.
2. Starfsfólk hefur ekki heimild til að taka myndir eða myndbönd af nemendum á tæki í eigin eigu.
3. Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar skal gæta varúðar, nærgætni og góðs siðferðis og verða börn aldrei sýnd á óviðeigandi hátt.

Allar skráningar iðkenda í íþróttastarfi UMF Stjörnnunnar eru í félagakerfinu Nóra. Ganga þarf frá skráningu og greiðslu þátttökugjalda áður en æfingar hefjast. Allar skráningar á námskeið eru endanlegar og ekki er hægt að afskrá á netinu heldur eingöngu með tölvupósti á netfangið stjarnan@stjarnan.is.

Öll gjöld sem ekki eru greidd á eindaga fara í innheimtu hjá Mótus með tilheyrandi kostnaði, þetta gerist sjálfkrafa. Ef um greiðsluvandræði er að ræða bendum við fólki á að hafa samband við Mótus eða skrifstofu Stjörnunnar eins fljótt og hægt er til að finna lausn og nýta sér þær leiðir sem eru í boði.

Greiðslumiðlun ehf kt: 540612-1020 gefur út greiðslukröfur fyrir hönd félagsins. Hægt er að greiða kröfuna í næsta banka með ofangreindum upplýsingum. Athugið að greiðslu- og umsýslugjald kr. 390.- m.vsk. leggst við upphæð hverrar greiðslu. Vinsamlegast athugið að ef valið er að greiða með kreditkorti geta skuldfærslutímabil verið breytileg eftir bönkum eða kortategundum.

Námskeið og mótagjöld eru ekki endurgreidd. Ráðstafaður frístundastyrkur sveitafélaga er ekki endurgreiddur. Eftir að námskeið er hafið eru engar endurgreiðslur mögulegar, nema hjá iðkendum sem hefja æfingar í deildum félagsins í fyrsta sinn, sem geta fengið þátttökugjöld niðurfelld kjósi þeir að hætta við iðkun í viðkomandi deild innan tveggja vikna frá því að æfingar hófust samkvæmt æfingatöflu. Tilkynning þar að lútandi þarf að berast skrifstofu félagsins í tölvupósti á stjarnan@stjarnan.is innan tilskilins frests.

Vakin er athygli á því að að iðkendur eru ekki tryggðir á vegum félagsins þó þeir stundi æfingar og keppni á vegum þess. Ef iðkandi slasast ber forráðamanni að senda tölvupóst á stjarnan@stjarnan.is og skila inn læknisvottorði ef óskað er eftir endurgreiðslu á æfingargjöldum.

Þegar foreldri/forráðamaður greiðir æfingargjöld auk ferðakostnað/mótagjald gefur hann leyfi fyrir þátttöku iðkenda til að taka þátt í ferðinni. Iðkendur með ógreidd æfingargjöld fá ekki að keppa fyrir hönd UMF Stjörnunnar.

Lögð er áhersla á að öllum líði vel hjá félaginu. Foreldrar/forráðamenn skuldbinda sig til að taka þátt í að mynda jákvæðan félagsanda. Tilkynningum sem berast félaginu um samskiptavanda er tekið alvarlega.

Ef þér óskið eftir að vera ekki á póstlistum Stjörnunnar þá vinsamlegast takið hakið af þar sem stendur „Ég er Stjörnu félagi“.